

Fundargerð fyrir fund Ungmennaráðs Hrunamannahrepps

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 7. september 2016 í Félagsheimili Hrunamanna. Hófst um kl. 21.00 og var til 22.30.

Á fundinum voru:

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, Else Nielsen forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, Rúnar Guðjónsson, Nói Mar Jónsson, Sigríður Helga Steingrímsdóttir. Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir og Jón Herman Vignisson boðuð forföll.

1. Rætt var um hvort skynsamlegt væri að skipta út öllum ráðsmeðlimum ungmennaráðsins þar sem starfið er svo nýhafið og ráðsmeðlimir en að komast inní þá vinnu sem á að fara fram í ráðinu. Samkvæmt reglum ungmennaráðsins á að skipta út ráðsmeðlimum fyrir 20. September á hverju ári.

Ráðið var sammála um að það sé ekki heppilegt að skipta út öllum ráðsmeðlimum á sama tíma svo að sú þekkingu og reynsla sem er komin tapist ekki niður og gæti það verið erfitt fyrir nýja ráðsmeðlimi að byrja allt upp á nýtt. Ungmennaráðið var líka sammála um að það hafi tekið það langan tíma að finna sitt hlutverk í ráðinu. Rúnar Guðjónsson, Nói Mar Jónsson og Sigríður Helga Steingrímsdóttir gáfu kost á sér til að starfa áfram.

2. Kynnt var ráðstefna fyrir ungmennaráðið sem haldið er á Hvolsvelli 28.-29. september 2016. Og er það sameignileg ráðstefna fyrir ungmennaráð á Suðurlandi og starfsmenn þeirra. Það var áhugi fyrir sitjandi ungmennaráð að fara á þessa ráðstefnu ef þau gæta fengið frí úr skólanum. Halldóra tók það að sér að senda póst til Menntaskólans að Laugarvatni og kanna viðbrögð þeirra við frítöku þessa daga, þar sem Rúnar Guðjónsson, Nói Mar Jónsson og Sigríður Helga Steingrímsdóttir eru nemendur. Else Nielsen ætlar að mæta á ráðstefnuna 28.september.

3. Umræða um hvaða hlutverk ungmennaráðið gegni og hvernig það getur haft áhrif á samfélagið okkar. Halldóra nefndi nokkur atriði sem ungmennaráðið hafði tekið fyrir á síðasta fundi og væri búið að vinna úr eða væru í farvegil.

4. Rætt var um að opna Facebook hóp fyrir ungmenni í sveitarfélagin þar sem þau geta skipts á skoðunum og til að gera ráðið meira sýnilegt fyrir aðra og til að gefa öðrum unglingum tækifæri til að koma með hugmyndir. Rúnar tók það á sig að vera með umsjón fyrir því.

5. Halldóra kom með spurningu um hvort ungmennaráðið væri með hugmyndir til að leggja fyrir í vinnu við fjárhagsáæltunargerð sveitarfélagsins. Ráðið langaði til þess að

halda ball á Flúðum og ýmislegt annað. Nánar verðu unnið að þessum hugmyndum milli meðlima og svo sendar inn hugmyndir til fjárhagsáæltunargerðarinnar. Ræt var um það fjármagn sem lagt er til ráðsins þar sem ráðsmeðlimir hafa miskilið hvernig ætti að nota þá peningaupphæð.

6. Ungmennaráðið óskar eftir því að það verði haldinn fundur ekki minna en annan hvern mánuð og jafnvel oftar. Ráðsmeðlimir vou sammála um að það hafði verið haldnir fundir of sjaldan í vetur og því áhuginn dottið niður hjá ráðsmeðlimum.

7. Halldóra kynnti fyrir ungmennaráðinu hvað Evrópa unga fólksins/euf.is standi fyrir og hvaða námskeið þau séu að bjóða upp á sem ungmennaráðið gæti sótt um að fara á. Mikill áhugi fyrir því hjá fundargestum.

Fundurinn slitinn 22:30.

Fundargerð ritaði Else Nielsen.